

UMSAGNARAÐILI – DAGS.	ATHUGASEMD	BREYTING VEGNA ATHUGASEMDA
Umhverfisstofnun – 24.01.2023	<p><i>Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið að öðru leyti en því að til fyrirmyndar er að nýta efni úr aflögðum vegi í framkvæmdir á svæðinu í stað þess að opna nýja námu eða sækja efni um langan veg.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Engar athugasemdir – engar breytingar gerðar.</li> </ul>
HAUST – 16.01.2023	<p><i>Heilbrigðiseftirlit Austurlands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við deiliskipulagstillöguna:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Staðsetning vatnstökusvæðisins er sýnd á skipulagsuppdrættinum. Hinsvegar er ekki tilgreint verndarsvæði í kringum vatnsbólið. Æskilegt er að verndarsvæði sjáist á uppdrættinum enda lúta vatnstökusvæði sérstakar verndar, skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.</i></li> <li>• <i>Í greinargerð kemur fram að: „Rotþró er við skíðaskála og er fráveita í samræmi við lög og reglugerðir heilbrigðiseftirlits sem gilda um fráveitur og skólp.“ Hinsvegar er rotþró og siturlögn ekki að sjá á skipulagsuppdrætti. Á endanlegum uppdrætti skal koma fram staðsetning rotþró og siturlagna.</i></li> </ul> <p><i>Tekið skal fram að ekki er rétta að segja að fráveita er í samræmi við reglur heilbrigðiseftirlitsins. Vatns- og fráveita er ávallt í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda s.s. reglugerð nr.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grann- og fjarsvæði vatnsverndar bætt inn á uppdrátt.</li> <li>• Texti í kafla 4.2.7 Veitur – uppfærður og vitnað í reglugerðir.</li> <li>• Hreinsivirki/rotþró var staðsett inn á uppdrætti en vantaði að setja það í skýringar. Það er búið að gera.</li> <li>• Texti í kafla 4.2.7 Veitur – uppfærður og vitnað í reglugerðir.</li> </ul>

	636/2001 um neysluvatna m.s.br. og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ m.s.br.	
Minjastofnun Íslands – 30.01.2023	<p>Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi skíðasvæðis í Oddsskarði eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Stofnunin ítrekar mikilvægi þess að ef óþekktar fornleifar finnast við framkvæmdir ber að stöðva þær án tafar og gera stofnuninni viðvart eins og kemur fram í 2.mgr.24.gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 en þar segir:</p> <p>Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákvað svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum Óheimild er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Engar athugasemdir – engar breytingar gerðar.</li> </ul>
Hafþór Eiríksson – 19.12.2022	<p>Sæll <span style="float: right;">Aron</span></p> <p>Ég fagna því mjög að loksins er verið að vinna deiliskipulag fyrir skíðasvæðið okkar og vona að það sé aðeins upphafið að kröftugri uppbyggingu <span style="float: right;">svæðisins.</span></p> <p>Mig langar að koma því að við gerð þessa skipulags að þið takið inn í pakkann möguleikann á að nýta þetta svæði meira yfir árið og tryggja að gert verði ráð fyrir aðstöðu og útfærslum fyrir fjallahjólaspport. Þetta er grein í miklum vexti og fer vel með skíðasvæðum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í greinargerð tillögunnar kemur fram í kafla 4.2.6 að heimilt sé að nýta slóða/þjónustuvegi á svæðinu fyrir göngu- og hjólaleiðir.</li> </ul>

	<p><i>Kveðja Hafþór</i></p>	
<p>Skíðafélag 04.12.2022</p> <p>Fjarðabyggðar –</p>	<p><i>Skíðafélag Fjarðabyggðar (SFF) óskar eftir því að Umhverfis- og skipulagsnefnd Fjarðabyggðar taki það til skoðunar að taka allt skipulag skíðasvæðisins í Oddsskarði til gagngerar endurskoðunar. (Taki allt skipulag Oddsskarði til endurskoðunar, og farið verður í stefnumótun fyrir skíðasvæðið.)</i></p> <p><i>SFF óskar eftir því að horft verði fram á við í þessari endurskoðun, það er hvernig við sjáum skíðasvæðið eftir 40 – 50 ár.</i></p> <p><i>Okkur finnst að það sé ekki verið að vinna að uppbyggingu skíðasvæðisins til langs tíma, einungis verið að reyna að redda einhverju til skamms tíma.</i></p> <p><i>Það sem SFF sér fyrir sér er að með endurskoðun á skipulagi skíðasvæðisins þarf að horfa til þess að það eru möguleikar á sumarnotkun svæðisins með tilliti til annarra iþróttagreina og með ákveðinni uppbyggingu eru miklir möguleikar á ferðamannaumferð um svæðið. (Betri nýtingu á skíða svæðinu, eining möguleiki á sumar notkun gauguleiðir hjóla leiðir)</i></p> <p><i>Árið 2014 var sett á laggirnar nefnd á vegum Fjarðabyggðar sem vann að framtíðarsýn á skíðasvæðinu og skilaði af sér skýrslu sem</i></p>	<p><i>*Engin breyting gerð á tillögu.</i></p> <p><i>Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli aðalskipulags sem samþykkt var 28.04.2022 – engar athugasemdir bárust varðandi skíðasvæðið við vinnu aðalskipulagsins. Deiliskipulagsvinna þessi kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að vinna að stefnumótun fyrir skíðasvæðið heldur er liður í að auka öruggi á svæðinu en slíkt er ábótavant á svæðinu í dag.</i></p> <p><i>Í greinargerð tillögunnar kemur fram í kafla 4.2.6 að heimilt sé að nýta slóða/þjónustuvegi á svæðinu fyrir göngu- og hjólaleiðir.</i></p>

er til hjá Fjarðabyggð. Okkur finnst að ekki sé unnið eftir þessari skýrslu og viljum við að annaðhvort verði farið í að vinna að uppbyggingu svæðisins með þessa skýrslu til hlíðsjónar eða farið í aðra nefndarvinnu og horft fram á veginn.

Með von um góð viðbrögð og framtíð skíðasvæðisins í Oddsskarði í huga.

Fyrir hönd Skíðafélags Fjarðabyggðar



Aron Leví Beck

Aron Leví Beck  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi